

# Ofvitinn í sjónvarpið

NÚ HEFUR endanlega verið ákveðið að sýning Leikfélagsins á leikgerð Kjartans Ragnarssonar af „Ofvitannum“ eftir Þórberg Þórðarson verði tekin upp af sjónvarpinu nú í sumar. Leikritið hefur verið sýnt rúmlega 180 sinnum í lönó frá því það var frumsýnt árið 1979. Upptakan verður gerð í sjónvarpssal.



OFVITINN — Jón Hjartarson og Emil Gunnar Guðmundsson í hlutverkum sínum. (Ljós. LR).

# Myrkrið fer inn í Þorleif

## Leiklist

Jóhann Hjálmarsson.

Ríkisútlit Hljóðvarp: **FLÓTTAFÓLK** eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur. **Leikstjóri: Arnar Jónsson.**

Flóttafólk eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur er leikrit um átök milli kynjanna eins og það heitir, sambands karls og konu, með hæfilegum skammti af kven- og karlréttindaumræðu.

Anna, tónlistarkennari, og Þorleifur, rithöfundur, hafa sest að úti á landi, flúið höfuðborgina. Anna vinnur fyrir heimilinu með kennslu. Þorleifur er að skrifa skáldsögu.

Anna kemur heim eftir erfiðan dag við kennsluna. Þorleifur á að sjá um matinn og gerir það með þryði sé sósan undanskilin. En hrifnari er hann af vínföngum sem Anna hefur pantað. Þreytt Anna fær glas af Campari, rauðvín með matnum og á eftir er henni boðið upp á konjak. Því miður er ekki allt með felldu. Anna

# Kristján J. Guðnason sýnir

## Myndlist

Valtýr Pétursson

Það rekur hver sýningin aðra í hinu nýja Galleríi við Hverfisgötu 32. Nú er það Kristján Jón Guðnason, sem efnit hefur til sýningar á olíumálverkum sínum, en það eru 25 málverk sem hann hefur valið til sýnis að sinni.

Kristján Jón Guðnason mun hafa verið við nám hér heima í Handiða- og myndlistarskólanum og síðan haldið út til Noregs og stundað nám þar. Það ég best beit, hefur hann ekki haldið sýningu á verkum sínum einn á báti áður, en ég man ekki betur en að hann ætti myndir á samsýningu hér í eina tíð. Ef þetta reynist rangt hjá mér, verður það svo að vera, og ég fer með þetta eftir bestu vitund.

En raunverulega skiptir það ekki svo miklu máli, og látum slíkt niður falla.

Þessi sýning er nokkuð einhæf að mínu áliti: Það eru áberandi sömu litir í flestum málverkunum, en Kristján hefur mismunandi vald yfir því, er hann tekur sér fyrir hendur. Því verður ekki neit að, að á stundum eru litir hans nokkuð hráir og í skærum og hvellum tónum. Það kemur fyrir, að hljómurinn verður nokkuð hár, en svo er áttur á móti finnanlegt betra og mýkra hljómfall í öðrum verkum. Í því sambandi bendi ég á No. 2, 11, 14 og 19. Þegar þessi verk eru betur skoðuð, finnst mér Kristján Jón ná bestum árangri í þessum verkum, og hann velur sér skemmtilegar fyrirmyndir, sem fá oft á sig norskan blæ, og er það skiljanlegt, eftir að hann hefur

# Múrristur Gunnsteins Gíslasonar

## Myndlist

Valtýr Pétursson

Á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir sýning á sérkennilegum verkum eftir ungan listamann, sem lagt hefur stund á sérstæða aðferð myndskreytingar, sem ég held, að ekki hafi sést hér á landi áður. Þessi aðferð er hvergi ný af nálinni í listasögunni, og hefur margt ágætt verið gert á þessu sviði um langan aldur, en hér á landi er þetta ónuminn akur, ef svo mætti segja, og verður að leita allt til fornanna, ef finna á eitthvað í líkingu við það, er kallast „sgraffito“, það er að segja til þeirra, er ristur rúnir á bautasteina, en það mun ekki hafa verið algeng listtjáning hér á landi.

Gunnsteinn Gíslason vinnur

mjög þarft verk með að koma fram með þessar múrristur sínar, og hann sýnir bæði listræn tök og þekkingu á þessu sviði. Handbragð hans vitnar um natni og virðingu fyrir því, sem hann er að fást við, og allur heildarsvipur sýningar hans á gangi Kjarvalsstaða er þessum unga listamanni til hins mesta söma. Á sýningu Gunnsteins eru 20 myndverk, rist í steinefni, marmara og annað, sem ég kann ekki að nefna, og biðst ég forláts, ef ég fer rangt með. Þessi verk sýna öll næma tilfinningu fyrir lit, og form þeirra eru bæði heilleg og sannfærandi, hvort heldur um er að ræða abstrakta myndbyggingu eða figúratíva. Ég skal játa, að mér var ekki kunnugt um, að þessi myndgerð væri í gangi hér á landi, og því komu þessi verk Gunnsteins mér nokkuð þægilega á óvart. Ég bendi hér á

# Skrá um vinninga í HAPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

KR. 30.000		KR. 20.000	
5550		45520	
KR. 7.500		KR. 1.500	
4629	10775	13282	51865
7260	12871	36144	52395
231	5276	12259	16342
706	5395	12822	17018
1100	6234	13100	17029
1540	6474	13424	18151
2367	6772	13459	19453
3310	7184	13706	19469
3731	7361	14618	21027
4723	9997	15550	23577
4999	10820	15954	24148
24463	28608	33257	37643
24765	28911	33295	37920
24832	29463	33538	38442
25160	29642	34292	39041
25287	31058	34387	40197
25573	31311	34973	41889
27767	31670	35881	42960
27963	32241	36848	43021
28547	32491	36987	43236
28608	33257	37643	44795
28911	33295	37920	45903
29463	33538	38442	47208
29642	34292	39041	47335
31058	34387	40197	47678
31311	34973	41889	49469
31670	35881	42960	49545
32241	36848	43021	49728
32491	36987	43236	49935
37643	44795	50940	57172
38442	47208	52092	57843
39041	47335	52876	59229
40197	47678	53980	59248
41889	49469	55256	59446
42960	49545	55837	59891
43021	49728	55899	
43236	49935	56166	
42664	46908	52011	55816
42670	47024	52074	55830
42709	47052	52172	55839
42714	47070	52248	55912
42726	47116	52261	55997
42780	47155	52331	56139
42794	47192	52546	56146
42818	47248	52606	56171
42871	47275	52613	56185
42894	47329	52616	56429
42924	47402	52695	56496
43035	47473	52709	56509
43098	47743	52774	56524
43177	47761	52778	56529
43266	47784	52878	56702
43281	47837	52889	56725
43316	47895	53111	56772
43492	48211	53208	56805
43521	48245	53392	56908
43558	48279	53413	57002
43737	48329	53452	57068
43959	48445	53524	57296
43969	48521	53549	57371
44119	48539	53634	57468
44126	48641	53756	57530
44264	48868	53806	57652
44449	48900	53814	57664
44479	49020	53857	57765
44586	49123	53895	57864
44589	49157	53920	57896
44625	49296	53990	57988
44639	49342	54281	58033
44644	49346	54424	58070
44718	49370	54428	58095
44760	49381	54464	58202
44852	49410	54484	58217
44858	49560	54510	58224
44935	49572	54517	58260
45165	49642	54530	58353
45197	49657	54541	58380
45346	49716	54563	58396
45451	49847	54579	58544
45558	49859	54623	58557
45745	49908	54710	58682
45856	49943	54724	58696
45923	50036	54832	58771
45975	50069	54901	58804
46008	50106	54913	58842
46019	50429	54934	59067
46177	50444	54966	59196
46200	50626	54978	59249
46228	50714	55054	59310
46259	50738	55061	59454
46336	50831	55120	59479
46366	50838	55199	59610
46453	50924	55273	59821
46472	50933	55353	59826
46536	51002	55390	59892
46545	51127	55444	59894
46662	51287	55467	
46743	51328	55595	
46787	51457	55792	

## AUKAVINNINGAR KR. 3.000

5549 5551 45519 45521

# Háskólatónleikar í Norræna húsinu í hádeginu á morgun

Á 10. háskólatónleikum vetrarins verður fluttur Oktett Louis Spohr (1784-1859) fyrir síðu, tvær lágfíðlur, knéfiðlu, bassa, tvö horn og klarinettu. Spohr var vinsæll og virtur á sinni tíð, bæði sem tónskáld og hljómsveitarstjórnandi, og framan af því samdi hann verk sem að mörgu leyti eru sambærileg verkum Schuberts í innblásnum laglinum og úrvinnslu.

Hljóðfærasetning Oktetts Spohrs er óvenjuleg, en honum þykir takast mjög vel í verkinu, enda á það almennt við um kammerverk fyrir blásturshljóðfæri og strengi, að þegar þau takast vel, eru þau meðal bestu verka hvers tónskálds. Nægir þar að minna á Oktett Schuberts og klarinettukvintetta Mózarts og Brahms, auk þessa Oktetts Louis Spohrs.

Oktettinn (óp. 32) er frá þessu tímabili, en síðar á ævinni gerðist Spohr hefðartónskáld og festist í farinu og féll loks í gleymsku um tíma.

Tónleikarnir verða að vanda í Norræna húsinu og hefjast kl. 12.30, föstudag. Þeir eru öllum opnir. (Fréttatilkynning)